

Orðsins list

Fimmtudaginn 27. mars birt dagblaðið Vísir viðtal við einn af frambjóðendum til forsetakjörs, Vigdís Finnbogadóttur leikhússtjóra. Viðtal þetta er á ýmsan hátt athyglisvert, bæði vegna þess sem þar kemur fram, og hins sem ósagt er látið. Í upphafi lýsir Vigdís því, hvaða augum hún liti forsetaembættið og kemst svo að orði:

„Ég held að forsetinn hljóti að vera n.k. spegilmynd þeirrar manneskju sem þjóðin telur sig vera sjálf — mynd sem stór hluti þjóðarinnar sættir sig við.“

Margur kjósendinn myndi eflaust geta sætt sig við það að sjá fallett bros Vigdísar Finnbogadóttur í speglinum í stað sinnar eigin hversdagslegu ásjónu. En sú ánægja hlýtur að blandast forvitni um, hvað sé á bak við brosið, hvað spegilmyndin tákni. Þetta vakir að sjálfsgöðu fyrir blaðamanni Vísis, sem leggur fyrir Vigdís ýmsar spurningar, þar á meðal þessa: „Hefur þú haft afskipti af stjórnmálum?“ Og Vigdís svarar:

„Ég hef aldrei verið í neinum stjórnmálaflokki og er því ívið fegin, einsog nú er komið málum. Mér finnst það vera orðið alltof algengt hjá okkur að setja fólk í einhverja viðtekna bása, en líta ekki á manneskjuna eins og hún er hér og nú.“

Eftirtekt vekur, að Vigdís svarar spurningu blaðamannsins ekki beint. En af svarinu myndi ókunnugur draga þá ályktun, að Vigdís hafi lítil afskipti haft af stjórnmálum; á annan hátt verður svarið ekki skilið. Hvort þetta getur talist hreinskiði svar, sambodid þeim sem keppir að æðsta embætti þjóðarinnar, er spurning

getur fundið við lauslega leit í opinberum heimildum.

Ævintýri á gönguför

Í Þjóðviljanum 9. maí 1961 er sagt frá „Keflavíkurgöngu“, sem farin var 7. maí það ár og 400 manns tóku þátt í, að sögn blaðsins. Þjóðviljinn birtir af því tilefni þá mynd, sem hér fylgir með ásamt textanum: „Vigdís Finnbogadóttir bauð fólk velkomið til Keflavíkurgöngu fyrir hönd Samtaka hernámsandstæðinga og gaf síðan Páli Bergþórssyni orðið. Að ávarpi hans loknu lýsti Vigdís gönguna hafna.“ Af þessu má ráða, að Vigdís hafi haft forystu um gönguna, en orð hennar hafa ekki varðveitt á síðum Þjóðviljans. Við getum því ekki séð hvort hún hefur þakkað Páli Bergþórssyni fyrir ræðuna eða ávitað hann fyrir vafasamt orðbragð, og er það skaði með hlidsjón af því sem síðar greinir. En ræða Páls er varðveitt í heild sinni í Þjóðviljanum. Þar segir m.a.:

„Það er sama þræslundin, sem knýr Guðmund I. og Bjarna Ben. til þess að hefja upp sinn harmagrát, þegar stuggað er við svínari-

Par á milli eru mörg kunn nöfn úr sömu sveit; þar er einnig frambjóðandinn sem aldrei hefur verið í neinum stjórnmálaflokki, Vigdís Finnbogadóttir.

Skrifað stendur

Í frétt í Þjóðviljanum 4. desember 1973 segir svo: „Ólafi Jóhannessyni forsætisráðherra var á laugardag afhent áskorun sextíu kunnra Íslendinga um brottför hersins. Áskorunin var kynnt í Háskólabíói á 1. desember samkomu stúdenta. Margrét Guðadóttir prófessor kynnti undirskriftasöfnunina og áskorunina, en framkvæmd þessa máls hafði farið fram á snærum Samtaka herstöðvaandstæðinga.“ Þjóðviljinn birtir nöfn undirskrifenda. Þar á meðal er nafn Vigdísar Finnbogadóttur, sem enn lætur að sér kveða í máli, sem skoðana-bræður hennar hafa kallað pólitískasta mál á Íslandi.

Hinn 28. júní 1974 birtist í Þjóðviljanum enn ein yfirlýsing, sem Vigdís Finnbogadóttir leggur nafn sitt við. Undir fyrirsögninni „Hvað kostar þetta?“ veitist hópur manna, 152 talsins, að forgöngumönnum undirskriftasöfnunarinnar „Varins lands“ fyrir það að hafa leitað til dómstóla vegna rögburðar og svívirðinga. Í yfirlýsingunni segir m.a.:

„Að sjálfsgöðu skal það ekki dregið í efa, uns annað sannast, að forvígismenn Varins lands þurfi

Þorsteinn Sæmundsson:

Frá Keflavík til Bessastaða

sem menn geta hugleitt eftir lestur þessarar greinar.

En í svari Vigdísar er fleira að finna. Þegar hún mælist til þess, að kjósendur liti á „manneskjuna eins og hún er hér og nú“, er hún nánast að fara fram á það, að kjósendur liti á frambjóðandann eins og leikara í nýju hlutverki og dæmi hann eftir frammistöðu hans í fyrsta þætti, óháð því hvernig hann hefur áður staðið sig. Síðar í viðtalinu kemur þó annað sjónarmið fram hjá Vigdís, því að hún segir:

„Mér kemur oft í hug málsháttur þegar ég hef þurft að bíta í vörina til að segja ekki það sem mig hefur langað til að segja í óvarkárinu. Orðin sem þú hefur sagt eru meistari þinn, en þau orð sem þú átt ósögð eru þrælur þínir.“

Þarna erum við komin að kjarna málsins. Hver eru þau orð og hverjar eru þær athafnir, sem Vigdís Finnbogadóttir hefur gert að meistarum sínum? Um það hljóta kjósendur að spyrja. Eg kann aðeins brot úr þeirri sögu, flest af því tagi, sem hver og einn

(Sjónleikur í sjö þáttum)

inu á Keflavíkurflugvelli, og ekki er ég frá því, að á sumum framámönnum Alþingis hafi upp á síðkastið sést grátvipur, sem gætu bent til þess, að þeir ætluðu einhvern daginn að flegja sér sorgfullir, og þó ófullir, út af Tjarnarbrúnni, og meðtaka þar úrganginn úr fuglum sem sína síðustu kvöldmáltíð, af ótta við það, að Íslendingar gangi úr þeim dýrlega félagsskap, NATO.“

Til er gamalt spakmæli, sem hljóðar á þessa leið: Segðu mér hverja þú umgengst og ég skal segja þér hver þú ert. Þetta spakmæli settu forsetaframbjóðendur að hugleidda og kjósendurnir líka.

Í Þjóðviljanum 3. júní 1967 er birtur listi yfir Framkvæmdanefnd „Reykjavíkurgöngu“ það ár. Listinn hefst á Arna Björnssyni cand. mag. og honum lýkur með Halldóri Stefánssyni rithöfund.

ekki sakir tignar sinnar að ræða við aðra um skjólstæðinga sína, bandaríska herliðið hér, né margháttaðan átröðning þeirra, sem svo þrotlaust fjölmiðlunardark í íslenskrí menningarhelgi. En hversu hátt sem þeir þykjast vera hafnir yfir þá sem eru á annarri skoðun en þeir um þrasetu hers þessa á íslenskrí grund, og hversu miklar tignir sem þeir kunna að telja sig, þá ferst þeim ekki að svara andstæðingum sínum með því að ætla að gera sér að féþúfu eðlileg viðbrögð þeirra í miklu hita- og deilumáli.“

Þessi tilvitnun er tekin hér með vegna niðurlagsins, sem síðar verður vitnað til. En yfirlýsingin í heild var þannig orðuð, að treglega gekk að fá hana birta annars staðar en í Þjóðviljanum, og eftir starfsmanni ríkisútvarpsins er það haft, að engin setning hafi verið á þann veg, að útvarpið treystist til að hafa hana orðrétt eftir. Þarf þó enginn að efast um góðan vilja á bænum þeim.

En hvað var það nú aftur, sem Vigdís og félagar kölluðu „eðlileg viðbrögð ... í miklu hita- og



Vigdís Finnbogadóttir bauð fólk velkomið til Keflavíkurgöngu fyrir hönd Samtaka hernámsandstæðinga og gaf síðan Páli Bergþórssyni orðið. Að ávarpi hans loknu lýsti Vigdís gönguna hafna. (Ljós- m. Þjóðv. Ari Kárasón.)

leggja fram fyrir dómi. Þessu fylgdu dylgjur um misnotkun á aðstöðu í opinberum störfum og kröfur um að viðkomandi yrðu reknir frá störfum. Öll var þessi herferð á eina hlið; þess finnst ekkert dæmi, að forgöngumenn Varins lands hafi svarað í sömu mynt.

Hugvekjan

Fjórum mánuðum síðar, nánar tiltekið 21. október 1974, flytur Vigdís Finnbogadóttir leikhússtjóri erindi um daginn og veginn í ríkisútvarpið. Góður rómur var gerður að erindi þessu. Þótti mönnum leikhússtjóranum mælast vel, flutningur með ágætum, röddin þýð og hljómfögur. Í erindinu tók Vigdís sérstaklega til meðferðar illyrt skeyti í opinberri umræðu á Íslandi og komst þá m.a. svo að orði:

„Skortur á háttvísi er ekkert annað en að sjá ekki út fyrir eigin barm, tillitsleysi við náungann, skortur á skilningi, skortur á virðingu fyrir honum sem manneskju með tilfinningu og sómavitund eins og maður á sjálfur. Mér er það hulin ráðgáta hvernig stjórnmálamaður og ábyrgir menn á Íslandi fara að því að sofa heilbrigðum svefni. Þeir mega vera í meira lagi harðir af sér til þess. Eða mér er spurn: Sér ekki hver sjálfan sig, þegar buið er að segja manni að maður sé óhæfur til verka og vilji landi sínu allt til óheilla, hvort sem það er til hægri eða vinstri ...“

„Þeir sem hafa tekið að sér ábyrgðarstöður í þjóðfélaginu eru stöðugt undir smásjá, sem vera ber. En þeir sem finna hjá sér köllun til að gera athugasemdir við starfshætti þeirra, gera það

Fundur framkvæmdaráðs FIDE:

Fjármál eitt af helztu málunum

FRAMKVÆMDARÁÐ FIDE heldur um þessar mundir þing sitt á Íslandi en í því sitja 10 fulltrúar og eru undir hendi haldnir állrégar. Er á þeim rædd ýmis mál og undirbúnar tillögur til að leggja fyrir aðalþing FIDE, sem jafnan eru haldin í framhaldi af framkvæmdaráðsfundinum, en ráðinu eru einnig falin ýmis mál af aðalþingunum. Að sögn Friðriks Ólafssonar forseta FIDE eru aðalmál þingsins nú

ólympíumót, sem halda á á Möltu í nóvember á þessu ári, og fjármál. Sagði Friðrik að ekki væri enn fullráðið hvort mótid yrði haldið á Möltu, enn væru ýmsir lausir endar sem ætti eftir að ráðstafa og því ekki hægt að segja frekar um það á þessari stundu. Um fjármálin sagði hann að aðildarlönd FIDE gerðu ákveðnar kröfur til sambandsins varðandi þjónustu og starfsemi, en fjárframlög landanna væru hins



Frá fundi framkvæmdaráðs FIDE, en fundir þess eru haldnir á Hótel Holti í Reykjavík. Ljós. Kristján.

vegar ekki í nægilegu samræmi við kröfurnar og þyrfti því að koma fjármálunum á öruggari grundvöll.

Friðrik Ólafsson sagði að útlit væri fyrir að fundinum lyki á mánudag eins og til stóð og tækist að komast yfir þá málaflokka sem fyrir lægju, en ýmsum málum er vísað til nefnda sem einnig eru að störfum fundardagana. Skáksamband Íslands hefur veg og vanda að ytra skipulagi FIDE-fundarins og er m.a. ráðgert að bjóða hinum erlendu gestum í skoðunarferð á sunnudag. Móttaka var á vegum borgarstjórnar að Höfða í gær og síðan kvöldverður í boði Skáksambandsins og verður fulltrúunum á mánudag boðið til forsetans og um kvöldið þeginn kvöldverður í boði menntamálaráðherra.